


MSc Í HEILBRIGÐISVERKFRÆÐI

Meistaránám í heilbrigðisverkfræði er ætlað þeim sem hafa lokið BSc í verkfræði og lýkur náminu með MSc í verkfræði. Námið er skipulagt sem eðlilegt framhald af BS-námi í heilbrigðisverkfræði, en það hentar einnig nemendum úr öðrum greinum verkfræðinnar sem taka þá tiltekin undirstöðunámskeið í BS-hluta námsins í heilbrigðisverkfræði.




Áherslusvið í náminu geta til dæmis verið lífupplýsingafræði, taugaverkfræði, lífmerki, rafeindatækni, vefjaverkfræði, rekstur, og myndvinnsla og líkanagerð.

Verkefni og rannsóknir - dæmi

- Útbreiðsla samdráttar í legvöðva
- Reiknirit í lífupplýsingafræði
- Endurhæfing aftaugaðra vöðva
- Stofnfrumur
- Taugalífeðlisfræði svefns
- Þróun nýstárlegra dýralíkana í svefnrannsóknum
- Vefjaverkfræði
- Þrívíddarlíkön og skipulagning skurðaðgerða
- Lífmerki, m.a. heilarafrit.
- Líftölfræði, fylgni sjúkdóma og skýribreyta
- Læknisfræðileg myndgerð
- Ígræðlingar

Náminu er skipt í kjarna, valsvið og lokaverkefni og er skipulagt sem tveggja ára nám, alls fjórar annir. Allir nemendur taka bóklegt nám sem jafngildir a.m.k. einni önn og framhaldið fer síðan eftir áhuga- og valsviði hvers og eins. Í kjarna eru námskeiðin Klínísk verkfræði, Greiningartækni, Meðferðartækni, Aðferðafræði rannsókna og Seminar. Lokaverkefni eru ýmist unnin innan HR eða hjá samstarfsstofnunum skólans.



Kennarar



Bjarni V. Halldórsson,
PhD frá Carnegie Mellon
Univ.



Brynjar Karlsson
PhD frá Univ. De
Tours



Karl Ægir Karlsson
PhD frá Univ. of Iowa



Haraldur Auðunsson
PhD frá Oregon State
Univ.



Paolo Gargiulo
PhD frá Tech. Univ.
Vienna



Ólafur Eysteinn
Sigurjónsson
PhD frá Univ. of Oslo



Þórður Helgason
PhD frá Univ.
Karlsruhe



Ceon Ramon
PhD frá Univ. of
Utah